

# Galatabréfið

Útskýringar sem byggðar eru á Torah og hebresku samhengi fyrstu aldarinnar.

Eftir Avi ben Mordechai © 2005-2006 Millennium 7000 Communications. Allur réttur áskilinn.  
Íslensk þýðing: Sigrún Einarsdóttir - [www.torah.is](http://www.torah.is)  
Birt með leyfi höfundar - [www.m7000.com](http://www.m7000.com)

## 8. þáttur af 18

**Markúsarguðspjall 12.29-31** (Fræðimaður segir við Yeshua): "Hvert er æðst allra boðorða?" Yeshua svaraði: "Æðst er þetta: „Heyr, Ísrael! YHWH, Elóhím vor, hann er einn og þú skalt elska YHWH, Elóhím þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni, öllum huga þínum og öllum mætti þínum." Annað er þetta: „Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig." Ekkert boðorð annað er þessum meira.

**Bölvæður** er sá, sem eigi heldur í gildi orðum þessa lögmáls (Torah) með því að breyta eftir þeim! Og allur lýðurinn skal segja: Amen( 5. Mós. 27.26.)

## Skjámynd:

**Galatabréfið 1.13-14** Þér hafið heyrt um **háttsemi mína áður fyrri í Gyðingdóminum**, hversu ákaflega ég ofsótti söfnuð Elóhíms og vildi eyða honum. Ég fór lengra í Gyðingdóminum en margir jafnaldrar mínir meðal þjóðar minnar og var miklu vandlætingasamari um **erfikenningu forfedra minna**.

Ég er Gyðingur, fæddur í Tarsus í Kilikíu, en alinn upp í þessari borg. Við fætur Gamalíels hlaut ég fyllstu uppfræðslu í [munnlegu] lögmáli feðra vorra... (Post. 22.3)

Sonur minn! Gættu þess að halda rabbínsk ákvæði, jafnvel umfram Torah. Torah inniheldur bönn... en hver sem brýtur gegn rabbínskum ákvæðum er dauða verður. (*Eruvin 21b, v. Talmúd*)

## Skjámynd:

### Samantekt á kaflanum:

Lærdómur Páls kom EKKI frá rabbínum/faríseum, heldur frá himni

„Kirkjan“ var FYRST stofnuð sem söfnuðurinn við Sínaifjall

Vilji Elóhíms ER kenningar lögmáls Móse fyrir allan Ísrael

„Nád“ er annar flötur á lögmálinu „Annars konar fagnaðarerindi“ eru trúarkenningar eða lögmál manna

Staðfesting á lögmáli Móse leiðir til blessunar. Það að staðfesta EKKI lögmál Móse leiðir til bölvunar

Hugtakið „gyðingdómur“ eru lögleidd trúarbrögð rabbínanna

## Fjórði hluti: Galatabréfið - útskýringar með 2. kafla

## Skjámynd:

### Helstu atriði:

Rabbínar (farísear) komu frá Jerúsalem til Antíokkíu til að fylgjast með því sem Pétur gerði, til að athuga hvort hann hlýddi valdi faríseanna í Jerúsalem

„Gyðingar“ (Judeans) í Antíokkíu voru ekkert annað en villandi Aramear

„Gyðinglegt eðli“ býr í öllum þeim sem hlýða boðum YHWH eins og þau birtast í lögmáli Móse

Hugtakið „lögmálsverk“ er lögskipuð tjáning allrar kennslu rabbína/farísea


### Skjámynd:

**Galatabréfið 2.11-12** En þegar Kefas kom til Antíókkíu, andmælti ég honum upp í opið geðið, því hann var sannur að sök. **Áður en menn nokkrir komu frá Jakob...**

3. Mós. 19.17-18 Þú skalt ekki hata bróður þinn í hjarta þínu. Einarðlega skalt þú ávíta náunga þinn, að þú eigi bakir þér synd hans vegna. Eigi skalt þú hefnisamur vera né langrækinn við samlanda þína, en þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig. Ég er YHWH.

Málið: Rangar kenningar (Post. 15.23-24) ...Vér höfum heyrt, að nokkrir frá oss hafi óróað yður með orðum *sínur* og komið róti á hugi yðar...

Mennirnir: Faríesar sem höfðu tekið trú (Post. 15.5) „Þá ber að umskera og bjóða þeim að halda lögmál Móse.“



### Skjámynd:

**Galatabréfið 2.12** ...**hafði hann setið að borði með heiðingjunum**, en er þeir komu, dró hann sig í hlé og tók sig út úr af ótta við þá, sem héldu fram umskurninni.

Postulasagan 10.28 (Sýn Péturs) ...Þér vitið, að Gyðingi er bannað að eiga samneyti við annarrar þjóðar mann eða koma til hans. En Elóhím hefur sýnt mér, að ég á engan að kalla vanheilagan eða óhreinan.

### Skjámynd:

**Galatabréfið 2.12** ...en er þeir komu, dró hann sig í hlé og tók sig út úr af ótta við þá, sem **héldu fram umskurninni**.

Markús 7.6-9 Yeshua svarar þeim: "Sannspár var Jesaja um yður hræsna, þar sem ritað er (Jes. 29.13): Þessi lýður heiðrar mig með vörnum, en hjarta þeirra er langt frá mér. Til einskis dýrka þeir mig, er þeir kenna þá lærdóma, sem eru mannaþingir einar. Þér hafnið boðum Elóhíms, en haldið erfikenning (*takanot, ma'asim, minhagim*) manna." Enn sagði hann við þá: "Listavel gjörið þér að engu boð Elóhíms, svo þér getið rækt erfikenning yðar."

## Framhald í næsta þætti...

### Taktu frá þrjú kvöld í júní 2010 (14. 15. og 16. júní)



Avi ben Mordechai kemur til Íslands í júní 2010 og verður með nokkra spennandi fyrirlestra.

Ef þú vilt fá nánari upplýsingar um þetta einstaka tækifæri til að hlusta á stórkostlega fræðslu um hebreskar rætur trúarinnar, eða tryggja þér (ókeypis) sæti á fyrirlestrunum hafðu þá samband við Sigrúnu í síma 824 8848 eða með því að senda tölvupóst á [torah@internet.is](mailto:torah@internet.is)